

Mál nr. 94/2021

M og
V v/ starfsábyrgðartryggingar byggingarstjóra.**Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns við lagningu gólfefna við endurbyggingu fasteignar.****Gögn.**

Málskot, móttækið 11.3.2021, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum og fylgigögnum.
Bréf V, dags. 18.3.2021.

Málsatvik.

Samkvæmt málskoti var á árinu 2016 hafist handa við framkvæmdir á fasteigninni A á Akureyri og hafi framkvæmdirnar falist í gagngerðri endurbyggingu A þar sem skrifstofu- og verslunarhúsnæði hafi m.a. verið endurskipulagt og endurgert. Vegna mikil umfangs framkvæmda á innra rými og innra skipulagi A, m.a. rýmingarleiðum, hafi verið um byggingarleyfisskylda starfsemi að ræða. Meðal þess sem hafi falist í umræddum breytingum hafi verið að skipta um gólfefni og setja upp milliveggi. Skráður byggingarstjóri fyrir framkvæmdinni hafi verið B. Skömmu eftir að framkvæmdum lauk hafi orðið vart við vandamál í tengslum við vinylparket sem hafi verið lagt á gólf á 2., 3. og 4. hæð. Hafi það byrjað að gliðna í sundur og rifur farið að myndast á milli strimla parketsins, bæði langs og þvers á öllum hæðunum.

M aflaði álits hjá D, nánar tilgreindri arkitekta- og verkfræðistofu, á tjóninu, orsökum þess og umfangi auk tillagna til úrbóta. Í minnisblaði tiltekins starfsmanns D, dags. 11. desember 2019, segir að þegar horft sé á hvernig gólfefnið sé lagt og hvernig gólfefnið hafi slitnað í sundur á mörgum stöðum og það borið saman við leiðbeiningar framleiðanda um lagningu gólfefnis sé að mati starfsmannsins ljóst að yfirgnæfandi líkur séu á að gallar sem upp hafi komið væru ekki til staðar ef leiðbeiningum framleiðanda gólfefnisins hefði verið fylgt hvað varðar stærðir og þensluraufar á milli „fleka“ sem hafi verið lagðir í heilu lagi.

M kveður B hafa brugðist eftirlitsskyldu sinni þegar gólfefnið var lagt og af þeim sökum beri hann ábyrgð á tjóni því sem varð vegna mistaka við lagninguna. Hefur M krafist bóta úr starfsábyrgðartryggingu B hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt 1. og 2. mgr. 27. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki skal á hverjum tíma við stjórn byggingarframkvæmda hvers leyfisskylds mannvirkis vera einn byggingarstjóri sem er faglegur fulltrúi eiganda við mannvirkjagerð og starfar í umboði hans samkvæmt skriflegum ráðningar- eða verksamningi við eiganda. Skal byggingarstjóri gæta réttmætra hagsmuna eiganda gagnvart byggingaryfirvöldum, hönnuðum, iðnmeisturum og öðrum sem að mannvirkjagerðinni koma. Um umboð byggingarstjóra, verksvið og ábyrgð fer eftir ákvæðum laganna, reglugerðar og samningi við eiganda. Þá er tekið fram í 5. mgr. 29. gr. laganna að byggingarstjóri skuli hafa virkt eftirlit með því að þeir sem koma að byggingu mannvirkis fylgi samþykktum hönnunargögnum, verklýsingum og ákvæðum laga þessara, laga um byggingarvörur og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra. Enn fremur er tekið fram í 7. mgr. 29. gr. að byggingarstjóri beri skaðabótaábyrgð samkvæmt almennum reglum ef eigandi eða annar þriðji maður verður fyrir tjóni af völdum gáleysis hans í starfi. Þó beri hann ekki ábyrgð á faglegri framkvæmd verkþátta á ábyrgð einstakra iðnmeistara eða hönnuða né því að iðnmeistarar og aðrir sem að verkinu koma uppfylli skyldur sínar samkvæmt verk- eða kaupsamningi.

Samkvæmt byggingarleyfi útgefnu 15. nóvember 2016 var, m.a. með vísan til tiltekinnna ákvæða í mannvirkjalögum og byggingarreglugerð nr. 112/2012 og nánar tilgreindrar byggingarleyfisumsóknar, umsækjanda veitt byggingarleyfi til þess að gera viðbyggingu og breytingar á A. Umrædd byggingarleyfisumsókn liggur ekki fyrir í málinu. Enginn verksamningur um byggingarframkvæmdina liggur heldur fyrir né samningur milli eiganda A og B um starf B og starfssvið hans varðandi byggingarframkvæmdina. Ekki eru heldur nein gögn fyrirbyggjandi varðandi réttarsamband milli M og B vegna framkvæmdarinnar. Af gögnum málsins, þ. á m. byggingarsögu á grundvelli byggingarleyfisumsóknarinnar, verður ekki ráðið með skýrum hætti að starfssvið B hafi náð til þess að hafa eftirlit með lagningu gólfefnisins. Þá verður heldur ekki ráðið af fyrrgreindu minnisblaði D eða gögnum málsins að öðru leyti að B kunni að hafa bakað sér bótaábyrgð gagnvart M samkvæmt 7. mgr. 29. gr. mannvirkjalaga. Eins og málið liggur fyrir á M ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu B hjá V.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík, 20. apríl 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.